



Garðabæ, 24.ágúst 2015

Efni: svar við bréfi dagsett 15. ágúst 2015.
Tilv.:MMR15010521&/6.14.2-

Í Barnaskóla Hjallastefnunnar er starfandi nemendafélag. Nemendafélagið vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálun nemenda og ber skólastjóri ábyrgð á starfsemi þess. Barnaskólinn og Vífilsskóli starfa saman og innan þeirra starfar eitt nemendafélag.

Í Barnaskólanum er ekki starfandi menntaður náms- og starfsráðgjafi. Skólasálfræðingur skólans hefur sinnt þeirri ráðgjöf sem kemur til og hafa allir nemendur greiðan aðgang að honum.

Allar upplýsingar um skólanámskrá, starsfsáætlun, áætlun um innra mat, niðurstöður innra mats og áætlaðar umbótaáætlanir eru birtar á heimasíðu skólans. Umbótaáætlun um ytra mat var ekki komin á heimasíðu skólans þegar könnun var framkvæmd enda úrvinnsla ytra mats ekki komin í hendur skólastjóra.

Virðingarfyllst,

Ragnhildur Ólafsd.
Ragnhildur Ólafsdóttir
Skólastjóri